Sþ. **519. Þingsályktun**

um gjaldmiðil.

(Afgreidd frá sameinuðu Alþingi 13. ágúst).

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það væntir þess, að landsstjórnin geri ráðstafanir til þess að sjá landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, ef nauðsynlegt verður fyrir viðskiftalífið hjer á landi, vegna afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni, með bráðabirgðalögum.